

+

## Frumvarp til laga

### um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (mútubrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 109. gr. laganna:

- a. Í stað tölustafsins „4“ í 1. mgr. ákvæðisins kemur: 6.
- b. Á eftir orðunum „starfsmanni við slíkan dómstól,“ í 2. mgr. ákvæðisins bætist við: stjórnanda eða starfsmanni erlendra lögaðila sem að hluta eða í heild eru í opinberri eigu eða lúta stjórn opinberra aðila.

#### 2. gr.

Á eftir orðunum „starfsmanni við slíkan dómstól,“ í 2. mgr. 128. gr. laganna bætist við: stjórnanda eða starfsmanni erlendra lögaðila sem að hluta eða í heild eru í opinberri eigu eða lúta stjórn opinberra aðila.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 141. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðunum „opinber starfsmaður skv.“ í 1. málslíð ákvæðisins kemur: 109.
- b. Á eftir orðunum „opinberra hagsmuna“ í lokamálslið ákvæðisins bætist við: eða fjármuna.
- c. Á eftir lokamálslið ákvæðisins kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Undir hugtakið opinber starfsmaður í ofangreindum greinum falla enn fremur stjórnendur og starfsmenn lögaðila sem að hluta eða í heild eru í opinberri eigu eða lúta stjórn hins opinbera að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 264. gr. a:

- a. Á eftir orðunum „sem stjórnar“ í 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins bætist við: innlendu eða erlendu.
- b. Í stað tölustafsins „3“ í 1. og 2. mgr. 264. gr. a laganna kemur: 5

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### **I. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneytinu og lagt fram á 146. löggjafarþingi.

Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem gerður var á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar *e. Organization for Economic Cooperation and Development*, (OECD), var undirritaður í París 17. desember 1997. Hann var fullgiltur af Íslands hálfu 17. ágúst 1998 og öðlaðist gildi hér á landi 15. febrúar 1999.

Til að unnt væri að fullgilda samninginn lagði þáverandi dómsmálaráðherra fram tvö frumvörp á árinu 1998 til samþykktar á Alþingi, annars vegar frumvarp er varð að lögum nr. 147 frá 22. desember 1998 um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns) og hins vegar frumvarp er varð að lögum nr. 144 frá 22. desember 1998 um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Með breytingarlögum nr. 147 frá 22. desember 1998 voru gerðar nokkrar breytingar á 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, en í ákvæðinu er lögð refsing við því að múta opinberum starfsmanni. Fyrir breytinguna var ákvæðið bundið við innlenda opinbera starfsmenn og því varð að kveða sérstaklega á um refsinaemi mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna til að unnt yrði að fullgilda samninginn. Verknáðarlýsingu ákvæðisins var því breytt til samræmis við ofangreindan samning um baráttu gegn mútugreiðslum. Þá var enn fremur bætt nýjum tölulið við 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 þannig að unnt yrði að sækja menn til saka hér á landi þótt brotið væri framið erlendis.

Í lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka nr. 144 frá 22. desember 1998 er kveðið á um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna.

### **II. Tílefni og nauðsyn lagasetningar.**

Frá því Ísland gerðist aðili að framangreindum samningi hefur vinnuhópur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot (e. Working Group on Bribery) reglulega gert úttektir á framkvæmd samningsins. Á fundi í desember 2010 samþykkti vinnuhópurinn skýrslu um Ísland sem var liður í þriðju úttekt hans hér á landi þetta sama ár. Í skýrslunni var litið jákvæðum augum til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á íslenskri löggjöf frá því að önnur úttekt var gerð en engu að síður sett fram 17 tilmæli til íslenskra stjórnvalda um úrbætur. Að því er varðar refsilöggjöfina beindi vinnuhópurinn m.a. þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að:

- a. Tryggja að ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 um mútur taki til mútugreiðslna til opinberra starfsmanna sem starfa fyrir fyrirtæki sem eru í opinberri eigu eða er stjórnad af hálfu hins opinbera.
- b. Þyngja refsingu fyrir brot gegn 2. mgr. 109. gr. sömu laga um mútuboð og greiðslur.

Innanríkisráðherra lagði í kjölfarið fram frumvarp til breytinga á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 um mútubrot til að koma til móts við framangreind tilmæli. Frumvarpið varð að lögum nr. 5 frá 31. janúar 2013 og var þá hámarksrefsing fyrir að bera mútur á opinbera starfsmenn þyngd úr þriggja ára fangelsi í fjögurra ára fangelsi, sbr. 109. grein laganna. Vinnuhópur OECD áleit þetta skref í rétta átt en gagnrýndi hinsvegar í byrjun árs 2013 að hámarksrefsingin fyrir mútuboð væri enn mun vægari en þegar opinberir starfsmenn gerðust sekir um mútubægni. Refsiramminn fyrir slík brot er sex ára fangelsi, samkvæmt 128. gr. almennra hegningarlaga.

Í opinberri yfirlýsingu vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar, dags. 9. apríl 2015, var lýst yfir sérstökum vonbrigðum með að Ísland hafi enn ekki innleitt með fullnægjandi hætti tilmæli vinnuhópsins þar á meðal:

- a. Að mútugreiðslur til embættismanna í erlendum ríkisfyrirtækjum hafi ekki verið gerðar refsiverðar með skýrum hætti.
- b. Að hámarksrefsing einstaklinga vegna mútubrota samkvæmt 2. mgr. 109. greinar almennra hegningarlaga hafi ekki verið þyngd enn frekar.

Stjórnvöld hafa unnið að því að bregðast við þessum og fleiri ábendingum alþjóðlegra stofnana um varnir gegn spillingu og mútur, m.a. með skipan sérstaks stýrihóps innanríkisráðherra í júní 2015 sem ætlað var að fylgja eftir innleiðingu alþjóðlegra samninga á þessu sviði. Starf stýrihópsins hefur skilað verulegum árangri og þannig komst vinnuhópur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot að þeirri niðurstöðu á fundi sínum í október 2016 að Ísland hefði uppfyllt sex tilmæli til viðbótar þeim tveimur sem þegar voru uppfyllt. Það þýðir að íslensk stjórnvöld hafa orðið við 8 eða tæpum helmingi tilmællanna 17 frá 2010. Tilmælin sem eftir standa hafa hinsvegar verið ítrekuð af hálfu vinnuhóps OECD undanfarin misseri. Einkum hefur verið lögð áhersla á það við íslensk stjórnvöld að þau stigi áþreifanleg skref í lagasetningu svo uppfylla megi tilmælin sem eru megintilefni þessa frumvarps.

Í fyrsta lagi lúta ofangreind tilmæli að því að almenn hegningarlög nr. 19 frá 12. febrúar 1940 nái ekki nægilega vel yfir mútubrot stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja og félaga sem eru að hluta eða í heild í opinberri eigu eða lúta opinberri stjórn. Er þá sérstaklega litið til þeirra tilvika þegar viðkomandi aðilar, stöðu sinnar vegna eða heimildar í lögum, geti tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna. Hins vegar er ljóst að almenn hegningarlög nr. 19 frá 12. febrúar 1940 taka á mútubrotum stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja sem eru að hluta eða í heild í opinberri eigu þar sem starfsmenn fara ekki með ofangreindar valdheimildir sbr. 264. gr. a, almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, sbr. 6. gr. laga nr. 5 frá 31. janúar 2013. Hámarksrefsing fyrir mútubrot samkvæmt þessari lagagrein, þ.e. 264. gr. a, almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, er þriggja ára fangelsi.

Í matsskýrslu vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland frá árinu 2013 lýsti vinnuhópurinn yfir áhyggjum af því að einungis liggi að hámarki þriggja ára fangelsisrefsing við því að bjóða eða þiggja mútur þegar í hlut eiga starfsmenn fyrirtækja sem eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera, e. *State-Owned-Enterprises* (SOE's). Bent var á að samkvæmt sáttmála Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot væri

alvarleiki brotsins engu minni þegar um væri að ræða starfsmenn opinberra fyrirtækja en þegar í hlut ættu aðrir erlendir opinberir starfsmenn. Má af því ráða að sama refsing, eða sex ára fangelsi, eigi að liggja við mútubægni beggja þessara hópa og jafnframt eigi að refsa með sambærilegum hætti fyrir að bera á þá mútur.

Vinnuhópur Efnahags- og framfarastofnunarinnar hefur einnig eins og áður segir mælt til þess að hámarksrefsing verði þyngd gagnvart íslenskum ríkisborgurum fyrir mútuboð til opinberra starfsmanna erlendis, sbr. 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Nú liggur allt að fjögurra ára fangelsi við því að bera mútur á opinberan starfsmann, hvort sem hann er innlendir eða erlendir eða tveimur árum minna en hámarksrefsingin sem opinber starfsmaður á yfir höfði sér fyrir að þiggja mútur. Draga má þá ályktun að hámarksrefsing eigi að mati vinnuhópsins að vera sú sama bæði fyrir mútuboð og mútubægni, eða sex ára fangelsi.

Ísland er einnig aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn spillingu, *e. United Nations Convention against Corruption*. Alþingi heimilaði aðildina með þingsályktunartillögu nr. 27/138 sem samþykkt var 6. september 2010 og gekk samningurinn í gildi hér á landi 1. mars 2011. Íslensk stjórnvöld hafa frá árinu 2015 unnið að svokallaðri sjálfsmatsskýrslu þar sem þau leggja mat á hvernig gengið hafi að innleiða samninginn hér á landi. Lokadrög að skýrslunni hafa verið send Fíkniefna og sakamálskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (UNODC) en fulltrúar þeirrar stofnunar komu m.a. hingað til lands í maí 2016 vegna skýrslugerðarinnar og ræddu við fulltrúa íslenskra stjórnvalda. Í drögum að samantekt UNODC vegna ofangreindrar sjálfsmatsskýrslu og samnings koma m.a. fram ábendingar um að þyngja refsingar vegna mútubrota samkvæmt 109. grein almennra hegningarlaga og að skýra þurfi betur hugtakið opinber starfsmaður í almennum hegningarlögum svo það sé í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Þá eigi íslensk stjórnvöld að taka til skoðunar að betra samræmi sé á milli hámarksrefsingar fyrir mútubrot á einkamarkaði og refsirammans fyrir þessi brot þegar opinberir starfsmenn eiga í hlut. Áskoranir þessar samræmast að verulegu leyti tilmælum vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunar um lagaákvæði um erlend mútubrot sem getið er hér að framan. Markmið frumvarps þessa er því að mæta tilmælum og ábendingum beggja þessara alþjóðlegu stofnana en það verður ekki gert nema með lögum.

### III. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið kveður á um nokkrar breytingar á 109., 128., 141. a og 264. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Breytingarnar eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir að hámarksrefsing fyrir brot gegn 109. gr. verði þyngd úr fjögurra ára fangelsi upp í sex ára fangelsi. Þá er lagt til að hámarksrefsing fyrir brot gegn 264. gr. a verði þyngd úr þriggja ára fangelsi upp í fimm ára fangelsi. Með þessari breytingu er verið að koma til móts við fyrrnefndar athugasemdir um að þyngja refsingar fyrir mútubrot, gæta samræmis á þann hátt að sama refsing liggi við því að bjóða mútur og þiggja mútur og auka samræmi í refsingum á einkamarkaði og í opinbera geiranum. Hvað síðast talda atriðið varðar var þó talið eðlilegt að hafa hámarksrefsingu fyrir að múta opinberum starfsmanni þyngri sem nemur einu ári þar sem opinberir starfsmenn fara með opinbert vald, geta kveðið á um réttindi og skyldur einstaklinga og fara með verulega hagsmuni. Rökin fyrir þyngingu refsinga fyrir brot þessi eru þau að brotin eru alvarleg þar sem þau stríða gegn heilbrigðu viðskiptalífi og almannaheill.

Þá er lagt til að í upptalningu 2. mgr. 109. gr. og 2. mgr. 128. gr. bætist við erlendir lögaðilar hvort sem þeir eru að hluta eða heild í opinberri eigu. Með lögaðila er átt við stofnun, félag, þ. á m. opinbert hlutafélag, fyrirtæki eða annan ópersónulegan aðila sem viðurkennt er að geti átt réttindi, borið skyldur og gert löggæringa með svipuðum hætti og menn. Sambærilegar breytingar eru lagðar til á 264. gr. a en þar er aðeins átt við stjórnanda innlends eða erlends fyrirtækis. Í lögumum í dag er eingöngu kveðið á um stjórnanda fyrirtækis og bætist því við orðin innlends eða erlends fyrirtækis til að taka af allan vafa.

Í 141. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, sbr. 6. gr. laga nr. 54 frá 20. mars 2003 er hugtakið opinber starfsmaður skilgreint. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 54 frá 20. mars 2003 kemur fram að byggt hafi verið á afmörkun hugtaksins eins og það kemur fram í skýrslu forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda sem gefin var út árið 1999. Rétt þykir að leggja til þær breytingar á ákvæðinu að 109. gr. laganna verði bætt við upptalninguna en ekki þykir ástæða til að bæta inn 106. gr.. Þar er opinbers starfsmanns getið og verður að teljast rétt að opinber starfsmaður skv. 106. gr. verði túlkað með rýmri hætti þar en gert er í 109. gr. og öðrum greinum sem taldar eru upp í ákvæðinu. Þá er lagt til að nýr málslíður bætist við greinina til að taka af allan vafa um að með hugtakinu opinber starfsmaður skv. lögumum sé einnig átt við stjórnendur og starfsmenn lögaðila sem eru að hluta eða í heild í opinberri eigu eða lúta stjórn hins opinbera að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum. Þannig þurfa stjórnandinn og starfsmenn lögaðilans að vera í þannig stöðu eða hafa heimildir í lögum til að taka eða geta haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna eða fjármuna. Hér kemur fram skýr greinarmunur á stjórnanda og starfsmanni lögaðila skv. 141. gr. a annars vegar og 264. gr. a hinsvegar.

Með þessum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er það mat ráðuneytisins að verið sé að koma til móts við tvö af veigamestu tilmælum vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot. Þess ber einnig að geta að með lögum nr. 103 frá 26. september 2016 um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88 frá 12. júní 2008, sem Alþingi samþykkti þann 19. september 2016, var komið til móts við þau tilmæli vinnuhópsins að hægt væri að grípa til sérstakra rannsóknarráða, svo sem símhlustana, í málum sem varða erlend mútubrot og mútubrot almennt. Sá skilningur íslenskra stjórnvalda að tilmælin hefðu verið uppfyllt var staðfestur á fundi vinnuhópsins í París 4.-6. október 2016 þar sem skýrsla Íslands var tekin fyrir. Með frumvarpinu nú er einnig orðið við ábendingum Fíkniefna- og sakamálskrifstofu Sameinuðu þjóðanna vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem Ísland er aðili að.

#### **IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Við gerð frumvarpsins var gengið úr skugga um að það samræmdist stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum. Tílefni þessa frumvarps er beinlínis það að tryggja að íslensk lög séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, sbr. aðild Íslands að samningi Efnahags- og framfarastofnunarinnar um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, og aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

#### **V. Samráð.**

Refsiréttarnefnd hefur ítrekað lýst þeirri afstöðu sinni að ekki sé ástæða til að þyngja frekar hámarksrefsingu fyrir að bjóða opinberum starfsmanni mútur. Þau brot yrðu ekki talin

jafn alvarleg og brot opinbers starfsmanns að þiggja mútur í starfi, enda hvíldi á honum tiltekin ábyrgð umfram almenna borgara stöðu sinnar vegna. Þessi afstaða kom fram í bréfi nefndarinnar til innanríkisráðherra, dagsett 7. júní 2013, og síðan í öðru bréfi nefndarinnar til ráðherra, dagsett 14. júní 2014. Leitað var eftir óformlegri afstöðu refsiréttarnefndar áður en skýrsla Íslands var send vinnuhópi Efnahags- og framfarastofnunarinnar haustið 2015 og athyglinni sérstaklega beint að því að 109. grein almennra hegningarlaga væri ekki talin upp í 141. grein a í sömu lögum. Formaður nefndarinnar vísaði í svari sínu til fyrri rökstuðnings nefndarinnar í fyrrnefndum bréfum til ráðherra og má af því ráða að afstaða nefndarinnar til þessara álitamála væri óbreytt. Í skýrslu íslenskra stjórnvalda til vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot haustið 2015 kom fram að ráðuneytið hefði skilning á afstöðu refsiréttarnefndar. Engu að síður myndi ráðuneytið hlutast til um að endurskoða almenn hegningarlög, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, með það að markmiði að þyngja hámarksrefsingu fyrir mútuboð í sex ára fangelsi. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er afrakstur þeirrar vinnu og er í samræmi við áherslur stjórnvalda sem fram hafa komið gagnvart vinnuhópi Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot. Ekki hefur verið leitað að nýju eftir afstöðu refsiréttarnefndar vegna annarra breytinga sem hér eru lagðar til.

## VI. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur þau áhrif að almannahagsmunum er betur gætt en ella. Þær breytingar sem lagðar eru til ættu að letja einstaklinga og lögaðila til að bera mútur á jafnt sem innlenda og erlenda opinbera starfsmenn. Þá ættu fyrirhugaðar lagabreytingar að vinna gegn mútuboðum og mútuþægni á einkamarkaði. Þar af leiðandi verður að telja að frumvarpið auki almenn varnaðaráhrif auk þess að stuðla að heilbrigðara viðskiptalífi og að ákvarðanir stjórnvalda sem teknar eru verði byggðar á málefnalegum sjónarmiðum.

Það styrkir almannahagsmunum að í 109. grein og 128. grein almennra hegningarlaga svo og í 141. grein a. verði nákvæmlega tilgreint hverjir teljist til opinberra starfsmanna, þannig að styðjast megi við þá skilgreiningu þegar rannsókuð eru mál sem varða mútuboð gagnvart stjórnendum eða starfsmönnum í fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera. Þegar þessir einstaklingar teljast t.d. geta ráðstafað opinberum hagsmunum í krafti stöðu sinnar, þar á meðal fjármunum, megi því líta á þá sem opinbera starfsmenn og þannig varði það 6 ára fangelsi að bera á mútur á viðkomandi eða að þeir þiggi mútur. Mútubrot sem tengjast opinberum starfsmönnum rýra augljóslega traust á stofnunum og fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera og grafa undan efnahagsþróun. Íslensk fyrirtæki eru einnig þátttakendur í alþjóðlegu viðskiptalífi þar sem mútur eru vandamál og skekkja samkeppnisstöðu eins og fram kemur í samningi Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot. Íslensk fyrirtæki hafa því hagsmunum af skýrara lagaumhverfi eins og kveðið er á um í frumvarpinu.

Ísland er einnig eins og fyrr greinir aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Í formála þess samnings og einstökum greinum kemur fram að spilling og mútubrot varða ríka almannahagsmunum. Í fyrstu grein samningsins er m.a. lýst því markmiði hans að stuðla að ráðvægni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu opinberra eigna. Verði frumvarpið að lögum er það hvati til að styrkja enn frekar góða stjórnsýsluhætti og veita helstu hagsmunaaðilum aukið aðhald. Ávinningurinn af frumvarpinu er því í heildina meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er það því mat ráðuneytisins að það hafi ekki í för með sér beinan aukakostnað fyrir ríkissjóð.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um 1. gr.

Í 1. gr. er í fyrsta lagi lögð til sú breyting að refsing fyrir brot gegn 109. gr. laganna verði þyngd úr fjögurra ára fangelsi í sex ára fangelsi. Svo sem fram hefur komið í almennum athugasemdum hefur það verið gagnrýnt á alþjóðavettvangi hversu væg hámarksrefsingin sé samkvæmt ákvæðinu og að ósamræmis gæti milli þess að bjóða mútur annars vegar og þiggja mútur hinsvegar en allt að sex ára fangelsi liggur við þeirri háttsemi opinbers starfsmanns að þiggja mútur. Refsiréttarnefnd hefur bent á að tiltekin ábyrgð hvíli á opinberum starfsmönnum umfram almenna borgara stöðu sinnar vegna og því sé eðlilegt að gerður sé greinarmunur á þyngd refsinga. Ráðuneytið, vinnuhópur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um erlend mútubrot og Sameinuðu þjóðirnar eru þessu ósammála og telja eðlilegt að samræma refsirammann hvað þetta snertir. Breytingin ætti að stuðla að auknum almennum varnaðaráhrifum auk þess að stuðla að bættu viðskiptalífi.

Í öðru lagi er lagt til að við upptalningu í 2. mgr. 109. gr. bætist við stjórnandi eða starfsmaður erlendra lögaðila sem að hluta eða í heild eru í opinberri eigu eða lúta stjórn opinberra aðila. Með þessu er verið að tryggja að ákvæðið nái til mútubrota gagnvart stjórnendum og starfsmönnum félaga sem eru í opinberri eigu eða lúta stjórn opinberra aðila. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

## Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa og vísast til skýringa við 1. gr.

## Um 3. gr.

Hér er lagt til að hugtakið opinber starfsmaður eins og það er skilgreint í 141. gr. a nái einnig til hugtaksins opinber starfsmaður í 109. gr. en svo er ekki í dag. Þá er lagt til að bætt verði við þeirri kröfu að viðkomandi geti ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra fjármuna. Telja verður þessa viðbót eðlilega og þarfnast hún ekki skýringa. Loks er lögð til viðbót við 141. gr. a að undir hugtakið opinber starfsmaður falli enn fremur stjórnendur og starfsmenn lögaðila sem að hluta eða í heild eru í opinberri eigu eða lúta stjórn hins opinbera að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum. Þannig þurfa stjórnandinn og starfsmenn lögaðilans að vera í þannig stöðu eða hafa heimildir í lögum til að taka eða hafa áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna eða fjármuna. Hér kemur fram skýr greinarmunur á stjórnanda og starfsmanni lögaðila að hluta eða í heild í opinberri eigu skv. 141. gr. a annars vegar og 264. gr. a hinsvegar. Þá skal það áréttað að með lögaðila er átt við stofnun, félag, þ. á m. opinbert hlutafélag fyrirtæki eða annan ópersónulegan aðila sem viðurkennt er að geti átt réttindi, borið skyldur og gert löggæringa með svipuðum hætti og menn.

## Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að gerð verði sú breyting sem árétti að átt er við innlend sem og erlend fyrirtæki. Þá er lagt til að refsiramminn verði þyngdur úr þriggja ára fangelsi í fimm ára fangelsi. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa en að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
skrifstofa opinberra fjármála:*

**Umsögn um frumvarp til laga um ...**

DRÖÖGG